

Reglur um styrkveitingar til menningarmála í Sveitarfélaginu Ölfusi

Menningarnefnd úthlutar samkvæmt fjárheimild á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins Ölfuss styrkjum til menningarmála, sem greinast í eftirtalda þætti:

- 1) Samstarfssamningar til eins árs eða í mesta lagi til þriggja ára.
- 2) Menningarverkefni.
- 3) Ferðastyrkir.

Ennfremur veitir menningarnefnd viðurkenningar sem falla undir lið 4) í nánari lýsingu hér fyrir neðan.

- 1) **Samstarfssamningar** eru aðeins gerðir við félög, hópa, menningarstofnanir eða einstaklinga sem hafa sannað gildi sitt í menningarlífi Ölfuss, og geta með rökstuddum umsóknum sýnt fram á framkvæmdagetu til að reka þá liststarfsemi sem óskað er eftir samstarfi um. Umsókn fylgi greinargerð um fyrri starfsemi, rekstaryfirlit síðasta árs, starfsáætlun fyrir samstarfstímabilið og fjárhagsáætlun. Umsóknir berist til menningarnefndar sem sendir tillögu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.
- 2) **Lista- og menningarsjóður.**
Allir geta sótt um styrk í sjóðinn fyrir sérstök verkefni á sviði menningarmála. Markmið verkefna og áætlanir um framkvæmd þeirra skulu vera skýrar og raunhæfar hvað varðar kostnað, tímasetningar og kröfur til ábyrgðarmanna. Listrænt og/eða fræðilegt gildi verkefnisins þarf að vera ljóst. Sýna skal fram á að styrkurinn sé líklegur til að efla menningarstarfsemi í sveitarfélaginu. Auglýst verður eftir umsóknum í staðarblöðum og á vef sveitarfélagsins í september ár hvert og skal umsóknarfrestur vera einn mánuður frá birtingu auglýsinga. Styrkurinn afhendist að verkefni loknu að fenginni greinargerð um verkefnið.
- 3) **Ferðastyrkir.**
Ferðastyrkir eru veittir hópum eða einstaklingum til að sinna listgrein sinni. Sækja þarf um styrkinn til menningarnefndar á þar til gerðum eyðublöðum, þar sem m.a. komi fram heiti umsóknaraðila, tilgangur ferðar, ferðaáætlun, áætlaður kostnaður, ábyrgðaraðili o.fl. Miðað skal við að greidd sé upphæð sem nemi helming fargjalds fyrir einstakling, en ef um hóp er að ræða sé greitt fyrir einn ef í hópnum eru færri en 21, en fyrir tvo ef hópurinn er stærri en 20 manns. Þó skal styrkuppahæð aldrei fara yfir kr. 60.000 á einstakling.
Eyðublöð er hægt að nálgast á vef sveitarfélagsins eða á bæjarskrifstofu í Ráðhúsinu.
- 4) **Menningarverðlaun og listaverðlaun Ölfuss**
 - a. Menningarnefnd veitir annað hvert ár viðurkenningu á sviði menningar og lista. Nefndin auglýsir fyrir 15. janúar á því ári sem veita á verðlaun eftir tilnefningum, sem geta átt við um einstaklinga, hóp, félög eða fyrirtæki sem hafa auðgað menningarlífið í sveitarfélaginu á árinu.

- b. Á árinu sem ekki eru veitt menningarverðlaun, auglýsir menningarnefnd fyrir 30. mars eftir tilnefningum til listaverðlauna Ölfuss. Tilnefningum skulu fylgja upplýsingar um viðkomandi listamann og rökstuðningur fyrir valinu. Hægt er að velja einstakling eða hóp sem starfað hefur saman á listasviðinu.

Menningarnefnd leggur ennfremur til að í fjárhagsáætlun hvers árs sé liður sem geri ráð fyrir að bæjarstjóri og menningarfulltrúi geti úthlutað minni styrkjum til menningarmála, svokölluðum styrktarlínum. Gera skal grein fyrir því hvernig upphæðinni hefur verið varið í lok árs svo hægt sé að greina frá því í ársskýrslu menningarmála í Ölfusi.